




# Skýrsla bankaráðs

LANDSBANKINN HF | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

23. mars 2022



---

# Skýrsla bankaráðs

23. mars 2022

## Kæru hluthafar

Undanfarin ár hefur ástandið í efnahagslífi heimsins einkennst af óvissu vegna Covid-19-faraldursins. Nú í vetur, þegar loks leit út fyrir að áhrif faraldursins væru að fjara út, hefur innrás Rússa í Úkraínu sett nýtt og mögulega enn stærra strík í reikninginn. Á þessari stundu er ómögulegt að segja til um hversu mikil eða víðtæk áhrifin verða. Öll vonum við að Rússar dragi herlið sitt til baka sem allra fyrst þannig að komist verði hjá meira mannfalli og öðrum hörmungum sem innrásinni fylgja.

Þær efnahagslegu áskoranir sem við á Íslandi stöndum frammi fyrir eru auðvitað léttvægar, miðað við þá stöðu sem úkraínska þjóðin er í. Það er engu að síður mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir að innrásin hefur þegar haft neikvæðar afleiðingar sem m.a. koma fram í hærri verðbólgu. Olíuverð hefur hækkað mikið og búast má við verðhækkunum á ýmsum öðrum innfluttum vörum og hráefnum. Við stöndum því enn frammi fyrir töluverðri efnahagslegri óvissu, sem að þessu sinni er af mannavöldum.

Við þessar aðstæður þykir okkur sem berum ábyrgð á rekstri Landsbankans gott að staða bankans er sterk. Hann er í góðri stöðu til að styðja við viðskiptavinum og íslenskt efnahagslíf.

Eins og sjá má af uppgjöri bankans, sem Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri mun fara nánar yfir á eftir, var góð afkoma af rekstri bankans á árinu 2021. Arðsemi eiginfjár var 10,8% sem er í samræmi við langtímamarkmið bankans um að skila yfir 10% arðsemi á eigið fé.

Ég hvet alla sem hafa áhuga á rekstri bankans til að kynna sér árs- og sjálfbærnisráðgjafur ársins 2021. Þar er að finna mjög gott yfirlit yfir rekstur og árangur bankans á árinu, en einnig upplýsingar um hinar fjölmörgu nýjungar í þjónustu sem bankinn kynnti. Þar eru líka forvitnilegir pistlar frá starfsfólki af öllum sviðum bankans þar sem þau lýsa starfi sínu og viðfangsefnum.

## Ánægðir viðskiptavinir

Árangur bankans byggir að stórum hluta á því að markvisst hefur verið unnið eftir stefnu sem samþykkt var árið 2020. Eitt helsta stefnumið okkar er að stuðla að ánægju viðskiptavina og við erum því afar stolt af því að vera efst banka í Íslensku ánægjuvöginni árið 2021, þriðja árið í röð. Þá er afar ánægjulegt hversu margir nýir viðskiptavinir hafa bæst í hópinn en markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði er nú 39,5% og hefur aldrei verið hærri.

Með öflugri markaðssókn og vaxandi umsvifum hafa tekjur bankans aukist en um leið hefur rekstrar-kostnaður haldist stöðugur. Árangur bankans er eftirtektarverður og má benda á að kostnaðarhlutfall bankans á síðasta ári var um 43,2% - svipað og hjá þeim bönkum á Norðurlöndunum sem hafa náð hvað bestum rekstrarárangri.

## Greiði reglulegan og sérstakan arð

Traustur og stöðugur rekstur og sterk fjárhagsstaða gera það að verkum að bankinn getur greitt hluthöfum sínum arð. Fyrir þessum aðalfundi liggur tillaga bankaráðs um að greiða samtals 20,5 milljarða króna í arð vegna ársins 2021. Annars vegar er um að ræða tillögu um að greiða 50% af hagnaði ársins 2021 í arð, samtals að fjárhæð 14,4 milljarðar króna. Einnig leggur bankaráð til að greiddur verði sérstakur arður að fjárhæð 6,1 milljarður króna. Verði þessar tillögur samþykktar munu arðgreiðslur Landsbankans á árunum 2013-2022 samtals nema um 166,7 milljörðum króna en arðgreiðslurnar hafa að langmestu leyti runnið í ríkissjóð.

---

Landsbankinn greiðir einnig háa skatta í ríkissjóð en alls námu skattgreiðslur bankans á árinu 2021 rúmlega 11 milljörðum króna. Þar af voru sérstakir skattar sem lagðir eru á fjármálafyrirtæki um 4,3 milljarðar króna.

## Staða efnahagsmála

Rekstrarniðurstaða Landsbankans á árinu 2021 tekur að sjálfsögðu mið af aðstæðum í efnahagslífi þjóðarinnar og ljóst er að staða efnahagsmála er betri en flest okkar þorðu að vona þegar heimsfaraldurinn skall á. Þótt blikur séu á lofti er staðan almennt góð. Vextir eru lægri en við höfum átt að venjast og kaupmáttur er hærrí en nokkru sinni fyrr. Verðbólga er á hinn bóginn töluverð og ekki sér fyrir endann á verðhækkunum. Þá hefur Seðlabankinn hafið vaxtahækkunarferli en erfitt er að spá um hversu mikið og hratt vextirnir munu hækka.

Eins og kunnugt er voru það fyrirtæki í ferðaþjónustu sem urðu fyrir þyngstu áföllunum vegna heimsfaraldursins. Enn á eftir að koma í ljós hvaða áhrif innrás Rússa hefur á ferðalög og ferðavilja en sú mikla uppbygging sem orðið hefur í ferðaþjónustu undanfarin ár rennir stoðum undir væntingar um að Íslendingar geti uppskorið ríkulega þegar óvissunni linnir og ferðalög aukast á nýjan leik.

## Þjónusta um allt land og allan sólarhringinn

Ég vék áðan að mikilli ánægju með þjónustu Landsbankans. Viðhorf viðskiptavina byggir að sjálfsögðu á mörgum mismunandi þáttum. Í langflestum tilfellum nýta viðskiptavinir sér stafræna þjónustu bankans og ánægjan með þjónustuna fer því að miklu leyti eftir gæðum stafrænu þjónustunnar, netbankans, appsins og annarra lausna. Mikil framþróun hefur átt sér stað í Landsbankanum og ánægja viðskiptavina með stafræna þjónustu bankans er mjög mikil. Það á bæði við um einstaklinga og fyrirtæki en undanfarin misseri hefur sérstök áhersla verið lögð á að bæta stafræna þjónustu við fyrirtæki.

Ólíkt öðrum fjármálafyrirtækjum leggjum við jafnframt ríka áherslu á að vera til staðar um allt land. Þannig er bankinn með útibú og afgreiðslur á 29 stöðum á landsbyggðinni og sjö útibú á höfuðborgarsvæðinu. Með þessu hafa myndast óviðjafnanleg tengsl, jafnt við einstaklinga sem fyrirtæki. Öllum er þó ljóst að þörfin fyrir þjónustu í útibúum hefur minnkað og þangað sækja færri viðskiptavinir. Við höfum brugðist við með ýmsum hætti, m.a. með því að stytta afgreiðslutíma en lengja þann tíma sem hægt er bóka fjarfundi. Við höfum einnig séð til þess að starfsfólk í útibúum um allt land geti í auknum mæli annast verkefni sem ekki eru háð staðsetningu. Þótt það sé áfram stefna okkar að vera til staðar um allt land munum við halda áfram að þróa útibúanetið okkar með hliðsjón af breytingum í rekstrarumhverfinu og breyttum þörfum viðskiptavina okkar.

## Örar breytingar á fjármálamarkaði

Breytingar á rekstrarumhverfi Landsbankans felast ekki síst í aukinni samkeppni á fjármálamarkaði frá breiðari hópi fjártækni- og fjármálafyrirtækja, innlendra sem erlendra. Samkeppnisumhverfið hefur raunar breyst hraðar en margir reiknuðu með. Þróunin er á fleygiferð og við þurfum stöðugt að koma með nýjar lausnir sem mæta þörfum viðskiptavina. Þessari þróun fylgir jafnframt flóknara og viðameira eftirlit sem Landsbankinn, líkt og önnur kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, þurfa að sæta. Við gerum okkur grein fyrir því að með því að undirgangast og uppfylla strangar kröfur skapast traust til okkar, sem við erum þakklát fyrir. En um leið er rétt að benda á að það er mikilvægt að eftirlitið og þau gjöld sem lögð eru á bankann séu ekki meira íþyngjandi fyrir okkur en keppinauta okkar, innanlands sem erlendis.

## Leiðandi í sjálfbærni

Miklar breytingar eru einnig að verða á fjármálamarkaði með aukinni áherslu á sjálfbær fjármál. Landsbankinn hefur um árabil verið í forystu þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni og við ætlum okkur áfram að vera leiðandi á þessu sviði.

---

Bankaráð Landsbankans telur raunar að setja þurfi loftslagsmálin jafnvel enn ofar á lista þeirra áhættuþátta sem bankar þurfa að meta og líta til. Við höfum dæmi bæði hér heima og að utan sem sýna að veðurfarsbreytingar geta haft mikil áhrif á fólk og fyrirtæki, bæði til lengri og skemmri tíma. Í vetur hefur þurrkatíð valdið því að vatnsstaða miðlunarlóna margra mikilvægustu virkjana landsins er óvenju lág. Þótt væntanlega sé aðeins um skammtímasveiflu að ræða er þetta ágætt dæmi um hvernig sveiflur í veðurfari geta haft mikil og neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja.

## Sóknarfæri í nýju og hentugra húsnæði

Breytingar á bankaþjónustu valda því að sífellt fleiri verkefni eru unnin í náinni samvinnu á milli ólíkra deilda bankans, í litlum og stórum teyimum. Ein af ástæðum þess að bankaráð ákvað vorið 2017 að hefjast handa við að reisa nýtt hús fyrir bankann var sú að núverandi húsakostur í Kvosinni hentar ekki vel fyrir slíka vinnu. Við hönnun á nýja húsinu var sérstaklega horft til þessara þátta auk þess sem skipulag hússins er sveigjanlegt og auðvelt að breyta notkun þess í takt við nýjar áherslur. Við teljum að flutningur í Austurbakka muni skapa okkur ný tækifæri til að beisla enn betur þann mikla kraft og þekkingu sem býr í starfsfólkinu.

## Viðræður um sölu á Norðurhúsi

Frá upphafi höfum við stefnt á að selja eða leigja frá okkur um 40% af húsinu, eða um 6.500 fermetra. Megnið af því húsnæði, eða um 6.000 fermetrar, tilheyrir Norðurhúsi byggingarinnar. Bankinn hyggst á hinn bóginn nýta um 60% af húsinu undir eigin starfsemi. Bankinn hefur kynnt húsnæðið fyrir ýmsum mögulegum kaupendum og leigjendum og margir sýnt því áhuga. Fyrir nokkru kom fram ósk frá Stjórnarráðinu um að hefja viðræður við bankann um kaup á Norðurhúsi og yrðu kaupin liður í nýrri framtíðarskipan á húsnæðismálum Stjórnarráðsins.

Í reglum bankans um sölu eigna kemur fram að víkja megi frá meginreglu um opið sölufarli, m.a. ef talið er að slíkt sölufarli sé ekki í þágu hagsmuna bankans og ef önnur lögmæt sjónarmið mæla gegn opnu sölufarli.

Einn af helstu áhættuþáttunum við byggingu atvinnu- og verslunarhúsnæðis er að sala eða útleiga á húsnæðinu í heild eða hluta dragist á langinn með tilheyrandi kostnaði eða tekjutapi. Með beinni sölu á nánast öllum þeim hluta hússins sem bankinn hyggst ekki nota yrði þessi áhætta að langmestu leyti úr sögunni.

Í ljósi þess að Stjórnarráðið hefur lýst yfir áhuga á kaupum á Norðurhúsinu telur bankaráð heimilt að víkja frá þessari meginreglu. Við höfum því samþykkt að ganga til viðræðna við ríkið og vonumst til þess að niðurstaðan liggi fyrir fljótlega.

Við flutninga í nýtt hús mun bankinn hætta notkun á tólf húsum við Austurstræti, Hafnarstræti og Tryggvagötu sem hann hefur nú til afnota. Bankinn á fjögur þessara húsa, Austurstræti 11 og Hafnarstræti 10, 12 og 14. Undirbúningur að sölu húsanna er hafinn en við munum huga sérstaklega að framtíð Austurstrætis 11 enda hefur það hús einstakt menningar- og sögulegt gildi og þarf að fá að njóta sín til framtíðar.

## Meiri kraftur með skipulagsbreytingum

Í upphafi ársins 2021, í kjölfar þess að ný stefna tók gildi, voru Mannauðsdeild, Markaðs- og samskiptadeild og Hagfræðideild sameinaðar undir hópnum Samfélag. Til að auka enn frekar slagkraftinn í þessum deildum var á vormánuðum ákveðið að Samfélag yrði að nýju sviði innan bankans en þannig viljum við undirstrika þá miklu áherslu sem við leggjum á þessi mál og stuðla að því að þeim verði sinnt af enn meiri krafti.

Það eru margar áskoranir sem blasa við, s.s. aukin samkeppni, hröð tækniþróun og örar breytingar á regluverki. Til að við getum tekist á við þessar áskoranir af krafti er mikilvægt að bankanum takist

---

áfram að laða að sér og halda í öflugt og hæfileikaríkt starfsfólk. Til þess þarf bankinn að geta boðið samkeppnishæf laun og eftirsóknarvert starfsumhverfi. Auk þess þurfum við að gæta að því að þróa mannauðinn í takt við breytingar á starfsemi bankans og ná fram því besta í okkur hverju og einu til að við getum ávallt veitt sem besta þjónustu.

### **Mjög góð frammistaða við krefjandi aðstæður**

Á aðalfundi bankans árið 2021 voru þrír nýir bankaráðsmenn kjörnir sem aðalmenn í bankaráð, þau Elín H. Jónsdóttir, Guðrún Blöndal og Helgi Friðjón Arnarson. Þá var Sigríður Olgeirsdóttir kjörin sem varamaður. Nýju aðalmennirnir í bankaráði komu í stað þeirra Einars Þórs Bjarnasonar, sem setið hafði í bankaráðinu frá 2016, Hersis Sigurgeirssonar, sem sat í bankaráði frá 2016 og fram í nóvember 2020, og Sigríðar Benediktsdóttur, sem setið hafði í bankaráðinu frá 2017. Ég þakka þeim öllum fyrir afar gott samstarf. Fyrir hönd bankaráðs þakka ég Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra, öðrum stjórnendum og starfsfólki bankans fyrir afar góða frammistöðu við krefjandi aðstæður og gott og árangursríkt samstarf á árinu 2021.

Takk fyrir.